

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði á Árskógssandi.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. mars 2026 tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt íbúðarsvæði á Árskógssandi skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er uppbygging íbúðarhúsnæðis á Árskógssandi. Íbúðarbyggðinni er skipt í þrjú svæði fyrir blandaða byggð, stór einbýlishús og smáíbúðabyggð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 40.–42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 23. júní 2026.

F.h. Dalvíkurbyggðar,
María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 7. júlí 2026